

# NORÐURLJÓS

Fréttabréf Norðurláls

3. tbl. 30. mars 2012. Ritstjórar: Trausti Gylfason og Brian D. Marshall. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg. Umsjón: Skessuhorn ehf.

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Ásmundur Jónsson, Birna Björnsdóttir, Bjarni I. Björnsson og Sverrir Guðmundsson. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir, Þórhallur Ásm. o.fl.



Hvalfjörður á stilltum vetrardegi. Séð yfir fjörðinn meðfram gömlu bryggjunni.

Ljósmynd Sverrir Þór Guðmundsson.

## Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

### Kæra samstarfsfólk

Rekstur framleiðsluleilda gekk að öllu leyti vel í febrúar. Við náðum að vinna þó nokkuð til baka tapaða framleiðslu janúarmánaðar eftir straumleysið, en þó bar enn á erfiðleikum í kerrekstri eftir þær truflanir. Truflanir í kerrekstri voru mjög miklar og hefur þurft að skipta út aukaskautum vegna vörtuskauta og annarra skautvandamála og kerrekstur ekki ennþá kominn í jafnvægi. Í heild var framleiðslan þó 119 tonnum umfram áætlun sem er mjög gott. Í skautsmiðjunni voru tekin í notkun ný færribönd þar sem forskautum er raðað á fyrir samsetningu forskauta og skautgaffla. Þá var unnið að breyttri útfærslu á hellistöð við forskautasteypingu og nýtt afsogskerfi spanofna var tekið í notkun. Öll þessi verkefni stuðla að auknum áreiðanleika skautsmiðjunnar, gera skautsmiðjuna hæfari að vinna með stærri forskaut og bæta

vinnuaðstöðu starfsmanna. Í steypuskála gekk reksturinn vel og ganga framkvæmdir við uppbyggingu starfsmannaaðstöðu mjög vel og eru framkvæmdir þar á áætlun. Lífshlaupinu lauk nú í febrúar og getum við verið stolt af okkar góða árangri þar sem við hlutum verðlaun fyrir þriðja sæti í okkar flokki. Í ár er sumararfleysingafólk óvenju snemma á ferðinni. Í gegnum árin hefur það verið að koma inn um páska en í ár hafa hópar nýs sumararfleysingafólks verið að koma inn í hverri viku frá því í byrjun mars. Mest er um að ræða skólafólk sem er hingað komið til að afla tekna yfir sumarið. Tilgangurinn með að fá það svona snemma inn er að nýta páskafrí sumararfleysingafólksins til að þjálfa það í framleiðslunni. Með lengri og betri þjálfun fást hæfari starfsmenn til að takast á við verkefni sumarsins. Í gegnum tíðina hefur

páskafríið verið notað til nýliðanámskeiðs og lyftaranámskeiðs en í ár verður sumararfleysingafólkið að mestu leytið búið með þau námskeið þannig að öll geti þau gengið vaktir alla páskana og öðlast þjálfun og færni. Mig langar að biðja alla starfsmenn að taka vel á móti þessu unga fólki sem margt er að stíga sín fyrstu skref á stórum vinnustað. Við munum öll okkar fyrsta starfsdag hjá Norðurláls og gætum þess að hann verði þeim ánægjulegur. Eins þurfum við að vera þeim góð fyrirmynd í einu og öllu þannig að þau eigi hjá okkur öruggt sumar. Markmiðið með þessu öllu er að þau verði klár til þess að takast á við krefjandi verkefni framleiðslunnar í lok maí þegar fyrstu hóparnir frá okkur byrja að streyma í sumarfríin með fjölskyldum sínum.

**Gunnar Guðlaugsson**

# 5S og hreinlæti er forsenda fyrir öryggi á vinnustað

Bein samsvörun er milli hreins og snyrtilegs vinnustaðar og öruggs og árangursríks vinnustaðar. Hvetja þarf starfsmenn að skilja nauðsyn þess að hafa vinnustaðinn hreinan og snyrtilegan og hreingerningu á að framkvæma hvern dag og á hverri vakt.

Nauðsynlegt er að minna starfsmenn okkar á að gott húshald, hreinlæti og snyrtimennska á vinnustað hefur ýmislegt gott í för með sér:

- Minni slyshætta og eldhætta.
- Viðheldur betra og öruggara vinnuumhverfi.
- Sparar tíma, fé, efni, rými og erfiði.
- Eykur framleiðni og gæði.
- Bætir lund starfsmanna.
- Sýnir að hér starfar fólk sem er annt um orðspor sitt og vinnustaðarinn.

Lélegt húshald beinlínis skapar áhættu og býður hættunum heim. Sem dæmi um vágestina má nefna:

- Hál og blaut gólf sem valda fallhættu.
- Aðskotahlutir á gólfum sem valda slyshættu.
- Hlutir sem geymdir eru í óreiðu á gólfum í stað rekka.
- Ójöfn gólf og opnar gryfjur sem auka slyshættu.
- Hlutir sem standa fram úr hillum og valda árekstra- og slyshættu.



- Eldhætta vegna olíublautra klúta og eldfims drasls.
- Spilliefnahætta vegna skorts á réttum umbúðum og geymslustöðum.
- Skortur á flóttaleiðum eða lokaðar flóttaleiðir.

## Japanska 5S aðferðin – straumlínustjórnun

Mörg fyrirtæki í Japan hafa tekið upp 5S aðferðina við að taka til á vinnustöðum og halda þeim hreinum. Þessi aðferð er byggð upp á fimm kenniorðum sem öll byrja á bókstafnum S og af því er nafnið dregið.

1. Seiri eða flokkun. Hér er átt við að öll tæki, tól og efni á vinnustaðnum eru tekin og skoðuð. Einungis þeir hlutir sem eiga við verkefni staðarins eru notaðir, öllu hinu er komið í geymslu eða fleygt. Þetta léttir á plássþöf og

minnkar slyshættu og bætir vinnuástöðu.

2. Seiton eða skipulag. Hér er átt við að nauðsynlegt er að hafa vinnustaðinn vel skipulagðan. Verkfæri, tæki og efni eiga öll að vera vel aðgengileg hvert á sínum ákveðna stað. Réttur staður fyrir hvern hlut og hver hlutur á réttum stað.

3. Seiso eða hreinsun. Hér er átt við að nauðsynlegt er að halda vinnustaðnum hreinum og snyrtilegum. Hreinsun er daglegt starf. Í lok dags eða vaktar er vinnustaðurinn hreinsaður og allir hlutir settir á sinn stað.

4. Seiketsu eða samhfæing. Hér er átt við eftirlit og samræmi. Sömu reglur og viðmið um húshald gilda í öllu fyrirtækinu. Starfsmenn vita allir hvert þeirra hlutverk er og húshald verður hluti að daglegum störfum.

5. Shitsike eða eftirfylgni. Hér er átt við það að viðhalda gæðum húshalds alla daga, ár eftir ár og þannig stuðla að öruggum og mannvænum vinnustað til frambúðar.

5S er það sem þið sjáið orðið víða um verksmiðjuna, svo sem merkingar fyrir áhaldarekka í kerskálum, verkfærarekka í steypuskálanum, merkingar fyrir stæði farartækjanna í verksmiðjunni o.fl. Þessi vinna er komin vel á veg. Það sem við munum sjá meira af í framtíðinni er 5S merkingar þar sem hver og einn hlutur í verksmiðjunni mun eiga sitt „heimilisfang“.

**Trausti Gylfason öryggisstjóri**

## Málhornið

### Handarbak

Æ algengara er orðið að sjá svo tekið til orða, að einhver þekki eitthvað eins og handarbakið á sér. Í nýbirtu vefriti segir: ...sem Jón Jónsson, viðmælandi vikunnar þekkir eins og handarbakið á sér. Áður fyrr litu menn í lófana á sér, e.t.v. til að vita hvað þeim leið, oft vildi „róðrarsiggið“, springa og myndast sár sem illa greru en til að koma í veg fyrir sprungur var ráð að mýkja lófasiggið með tólg, síðar júgurfeiti. Sama gilti um sláttumenn sem fengu sigg af orfi og rakstarkonur af hrfífuskafti. Einnig mætti hugsa sér að landslag lófans hefði þótt forvitnilegra en handarbaksins sem oftast blasti við augum manna við vinnu sína og þeir jafnvel hættir að taka eftir því. Í lófunum var líka að finna örlagalínurnar sem lófalesarar kunnu skil á. Sagt var að menn þekktu eitthvað eins og lófann/lófana á sér. Geta má þess að orðatiltekið að horfa í gaupnir sér merkir að horfa í lófana á sér. Gaupn merkir íhvolfur lófi. Mig grunar að þessi nýja notkun eigi rót sína í enskri tungu; enskumælandi þjóðir segja: „...know something like the back of one's hand.“ Það getur verið gott að vera tvítýngdur en vont að blanda saman tungumálunum. Stundum var handarbakinu jafnvel sýnd óvirðing; illa unnið verk kallað handarbakavinna / handarbaksvinna. Svo naga menn sig í handarbökin sjái þeir eftir einhverju sem þeir hafa sagt eða gert - sýna iðrunarkerki. Minna má á að sagt var um klaufska menn að það væri eins og þeir hefðu þumalputta á hverjum fingri eða tíu þumalfingur.

Trausti Gylfason



Talið frá vinstri aftari röð: Kristján Hannibalsson, Hjálmtýr Unnar Guðmundsson, Finnur Guðni Þórðarson, Davíð Kristjánsson, Gísl Rúnar Már Gunnarsson, Valentine Simire, Marek Fijal, Ingvar Þórisson, Uche Eze,

## Keilufélag Norðurláls

Keilufélag Norðurláls var stofnað nú í vor. Það gerðist eftir að við í kerfóðrun förum í keilu síðasta haust og fannst svo gaman að við ákváðum að það væri upplagt að gera þetta oftast. Félagið er opið fyrir alla starfsmenn Norðurláls og hvetjum við alla sem áhuga hafa að mæta, byrjendur jafnt sem vana. Áætlað er að hafa tíma tvisvar sinnum í mánuði, á fimmtudögum klukkan 20 í Íþróttahúsinu Vesturgötu á Akranesi. Við ætlum að stofna síðu fyrir félagið á Facebook þannig að hægt sé að fylgjast með tímum og öðrum fréttum. Einnig er hægt að hafa samband við okkur á B-vakt kerfóðrunar.

Finnur S: 690-2110  
Uche S: 866-0374



**Starfsmenn á deigluverkstæði. Standandi: Erla Guðmundsdóttir, Lárus Hjaltested, Sigurður Einarsson, Hjörtur Márus Sveinsson, Björn Gunnarsson, Hrannar Kristinsson, Marcin Szafranowicz og Gauti Höskuldsson. Sitjandi: Elvar Grétarsson og Hrólfur Ólafsson.**

## Deigluverkstæðið

**E**in yngsta starfsstöðin hjá Norðuráli á Grundartanga er deigluverkstæðið. Blaðamaður Norðurljósa ræddi við þá Lárus Hjaltested deildarstjóra og Hrólff Ólafsson liðsstjóra. Þeir sögðu að um fjögur ár væru frá því sérstakt rými í verksmiðjunni var tekið undir viðgerðir á deiglum, en aðallega eru það lokin á deigluilátunum sem þarfnast viðgerðar og hreinsunar. Í byrjun voru þrír starfsmenn í deigluviðgerðunum og eftirliti en fljótlega bættist svo sá fjórði við hjá efnisvinnsluna. „Starfsmönnum hefur fjölgað stöðugt og í dag eru þeir átta talsins. Það hafa orðið miklar breytingar á aðstöðunni hjá okkur á þessum

tíma, bæði vinnuaðstöðunni og aðstöðu starfsmanna,” segir Lárus deildarstjóri þjónustu og búnaðar. Hann segir deigluverkstæðið vera stöð fyrir ýmsa aðra þjónustu. „Við tökum að okkur ýmiss verkefni. Sjáum meðal annars um þrif og merkingar á gangbrautum, gólfum og veggjum, auk þess sem við málum og sjáum um viðhald á leiðbeiningaskiltum. Við sjáum um eftirlit með sýnatökuáhöldum og -vögnum, sem eykur gæði sýnatöknar. Við höfum t.d. tekið í notkun ofn, þann fyrsta í heiminum, sem bræðir álstíflur úr rörum. Hann nýtist líka við að bræða ál úr deigluörum sem áður þurfti að gera handvirkt.” Þá segja þeir Lárus og Hrólfur eitt

af verkefnum starfsmanna deigluverkstæðisins sé að sekkja notað baðefni til útflyttings. „Við teljum okkur vera að ná ágætum árangri í þessari deild, enda mætum við í vinnuna á hverjum morgni ákveðnir í því að vinna sigra,” segir Lárus sposkur á svip, en starfsmenn deigluverkstæðisins starfa í dagvinnu sex daga vikunnar, jafnan eru tveir til þrír að störfum á laugardögum. „Deildin okkar einbeitt sér að því að skapa gott vinnuumhverfi. Við erum með góða starfsmenn og erum í mjög góðu samstarfi við fólkið í kerskálunum hérna við hliðina,” segja þeir Lárus og Hrólfur Ólafsson liðsstjóri.

## Götur Norðuráls

**E**ins og áður hefur verið kynnt viljum við leggja meiri áherslu á að efla liðsheild innan fyrirtækisins. Við munum gera það saman, með gleðina að vopni og oftast en ekki frá grasrótinni og upp úr. Verkefnishópur, sem er að styðja okkur í því að efla liðsheildina, hefur fengið margar hugmyndir að verkefnum. Fyrsta verkefnið sem verkefnishópurinn vill koma í framkvæmd kallast „Götur Norðuráls.” Felst það í að nefna með



nafni alla hluta fyrirtækisins. Götur, verkstæði, kerskálar, kaffistofur, þyrlupall, fundasali og fleira, öll svæði fá nafn. Starfsmenn munu fá tækifæri til að koma að þessu verkefni. Verkefnishópurinn mun senda deildarstjórum lista yfir þau svæði fyrirtækisins sem starfsmenn þeirra eiga að koma með tillögum að nafni á.

Deildarstjórar eiga síðan að skila tillögum að nöfnum aftur til verkefnahópsins. Síðan mun verkefnahópurinn vinna með innsendar tillögur og vinna að merkingum innan fyrirtækisins í samráði við stjórnendur.

**Nefnd liðsheildar**

# Er eitt fræið af fjölskyldutrénu

Carlos Taroní kom 18 ára til Íslands og hefur átt hér heima meirihlutann af ævinni. Fæðingarbær hans er Birmingham í Englandi og hér á Íslandi hefur Carlos búið á þremur stöðum á rúmlega 30 árum. Til Akraness kom hann vorið 2004 og segist hálf í hvoru vera búinn að festa hér rætur. „Ég lít á mig sem fræ af fjölskyldutrénu. Hérna lenti ég og nú orðið finnst mér Ísland vera mitt heimaland,“ segir Carlos sem hefur unnið hjá Norðuráli frá því hann kom til Akraness. Hann er mikill áhugamaður um stangveiði og skotveiði og eitt helsta áhugamál hans tengist veiðiskapnum, en Carlos vinnur í frístundum sínum við að stoppa upp fugla.

## Úr frystihúsinu á sjóinn

Aðspurður segir Carlos að ástæðan fyrir því að flutti hingað til lands hafi verið kunningsskapur við ensk/íslenska stúlku. „Við komum á Þórshöfn á Langanes 1981 og fórum að vinna þar í frystihúsinu. Sambandið hjá okkur entist ekki lengi og þegar það var búið fórum við í sitt hvora áttina. Ég fékk vinnu í Hraðfrystihúsinu í Hnífsdal og það er mér minnstætt þegar ég stóð í hellirigningu á Ísafjarðarflugvelli 9. ágúst 1982, eins míns liðs, og vissi ekkert hvað beið mín fyrir vestan annað en vinnan í fiskinum. En þarna átti ég eftir að búa í rúm tuttugu ár. Ísafjörður hentaði mér mjög vel, fallegur staður og gott fólk og gott að stunda veiðiskapinn. Ég var þó ekki að vinna lengi í frystihúsinu. Fór fljótlega í afleysingátúr á Páli Pálssyni frá Hnífsdal og fékk síðan pláss á bátnum. Á Páli Pálssyni var ég í fimmtán ár, fór síðan á frystiskipið Júlíus Geirmundsson og var þar um borð þangað til ég



flutti á Akranes og byrjaði að vinna í álverinu,“ segir Carlos.

## Viðbrigði að koma að vestan

En hvernig atvikaðist það svo að Carlos flutti frá Ísafirði á Akranes vorið 2004? Fyrir vestan kynntist ég konunni minni Violettu sem er pólsk og saman eigum við tvær stelpur fjórtán og átta ára. Við ákváðum að færa okkur til, valið stóð á milli Akraness og Selfoss. Akranes varð fyrir valinu þar sem við, sérstaklega konan, vorum ekki hrifin af því að flytja á stað þar sem jarðskjálftahætta var mikil. Við settum íbúðina á sölu á þriðjudegi og á


föstudegi var hún seld. Þá þurfti að finna nýja íbúð og fljótlega fannst hún á Akranesi.“

Carlos hefur unnið í kerskála hjá Norðuráli alla tíð og segist kunna ágætlega við vinnuna. „Vinnufélagarnir eru ágætir og mér líkar vel á Akranesi, þótt til að byrja með hafi mér ekkert litist á mig hér. Þetta voru mikil viðbrigði að koma að vestan, þar sem fjöllin eru alveg ofan í manni. Það er til dæmis mikill kostur að vera hérna á Akranesi þegar mitt fólk kemur í heimsókn frá Englandi. Héðan er stutt út á flugvöll, ekki óralangt eins og þegar við vorum fyrir vestan.“

## Fuglinn á að vera líflægur

Carlos segist lengi hafa haft áhuga fyrir uppstoppun og hann ákvað svo að fara til síns gamla heimalands, Englands árið 2004, og læra fagið. Hann segist ekki vera með fjöldaframleiðslu í uppstoppuninni. „Ég tek svolitlar tarnir í þessu, kannski tvo fugla í einu. Þetta er mikil nákvæmnisvinna og það verður að leggja talsvert upp úr því að reyna að ná líflægum svip á fuglinn sem verið er að stoppa upp. Ég legg t.d. mikla áherslu á að ná augnsvipnum góðum.“ Aðspurður hvað taki langan tíma að stoppa upp einn fugl, segir Carlos að það séu tveir vinnudagar. Fyrri daginn er tekið innan úr hamnum og hann hreinsaður og svo er farið að raða honum saman. Hvort skemmtilegra sé að stoppa upp einn fugl frekar en annan segir Carlos að það sé nú ekki mikill munur á því. „Hrafinn og lundinn geta þó verið mjög skemmtilegir viðfangs.“






# Ljósmyndaferð LJÓNA í Hvalfjörðinn

Þann 18. febrúar sl. fóru sex meðlimir í ljósmyndaklúbbnum LJÓNA í skemmtilega ljósmyndaferð inn í Hvalfjörð. Fyrsta stöpp var við gömlu bryggjuna þar sem nokkrar myndir voru teknar og mikið rætt um hinar ýmsu ljósmyndaáferðir. Svo var haldið inn í Botn. Þar var stuttur göngutúr og allt sem fyrir var myndað. Fossinn Mígandi í klakaböndum heillaði okkur svo mikið að við eyddum restinni af ferðinni við hann. Tókum myndir, spjöllum og borðuðum okkar nesti. Frábær ferð með frábærum ljósmyndurum.

*Ljósmyndir: Sverrir Þór Guðmundsson og Bjarki Georgsson.*





## Nýi forstjóri Century kynntur til leiks

**M**ike Bless var nýverið ráðinn forstjóri Century Aluminum. Hér segir hann okkur frá fjölskyldu sinni, áhugamálum og hugleiðingum um Ísland. Hve lengi hefur þú verið hjá fyrirtækinu? „Eftir næstum sex ára starf sem aðstoðarforstjóri og fjármálastjóri var ég útnefndur forstjóri tímabundið í nóvember 2011. Síðan var ég ráðinn forstjóri Century af stjórn fyrirtækisins í febrúar 2012.“ Við hvað starfaðirðu áður en þú réðst til Century?

„Ég vann sem fjármálastjóri hjá Rockwell Automation en það fyrirtæki fæst við lausnir á sviði upplýsinga og sjálfvirkni og er með höfuðstöðvar í Milwaukee í Wisconsin fylki í Bandaríkjunum.“

Segðu mér frá fjölskylduhögum þínum?

„Ég kynntist eiginkonu minni Pam þegar við vorum á fyrsta ári í Princeton háskólanum. Edward, sonur okkar, sem er kallaður Ned, er 11 ára og í sjötta bekk. Ned er afburða tennisleikari, góður nemandi og heldur mikið upp á klassískt rokk og er orðinn mun betri gítarleikari en pabbinn. Við eigum tvo golden retriever hunda, Henry og Emmu. Pam er virkur dýraverndunarsinni og hefur m.a. verið í stjórn dýraverndunarsamtakanna Humane Society í Bandaríkjunum.“

Hvaða önnur áhugamál hefurðu fyrir utan gítarleik?

„Ég keppti í tennis á yngri árum og mér finnst



**Mike Bless ásamt fjölskyldu.**

enn gaman að spila þegar tækifæri gefst. Heilsan skiptir mig miklu máli og ég held mér í formi með því að hjóla. Svo finnst mér líka gaman að gera upp gamla breska bíla.“

Hvað hrífur þig mest við Ísland?

„Ég hef að sjálfsögðu alltaf verið uppnuminn af náttúruferugurð landsins. Að því sögðu er ég alltaf jafn hrifinn af því hve Íslendingar eru jákvæðir og sjálfstæðir. Á þeim sex

árum sem ég hef ferðast til Íslands, minnst ég þess ekki að hafa nokkru sinni heyrt nokkurn mann segja: „Þetta er ekki hægt!“. Þar fyrir utan er alltaf jafn uppörvandi og hvetjandi, sérstaklega fyrir þann sem hefur vanist hörkunni í opinberri umræðu í Bandaríkjunum, að kynnast þjóðfélagi þar sem hagur almennings er í jafn skýrum brennipunkti og hér á landi.“

# ISO 9001 gæðastjórnunarkerfi – vottun á þessu ári

Norðurál Grundartangi ehf stefnir að vottun fyrirtækisins miðað við gæðastjórnunarstaðalinn ISO 9001 á þessu ári. Nálgunin í gæðastjórnunarkerfinu beinist m.a. að því hvernig fyrirtækið uppfyllir kröfur viðskiptavina sinna og hvernig ferlarnir sem eru notaðir til að framleiða vöruna stuðla að því að ná gæðamarkmiðum. Sem dæmi um ferla má nefna það verklag sem notað er í kerskála, skautsmiðu og steypuskála. Verklag við innkaup aðfanga og sölu afurða, hvernig gengið er úr skugga um að hæfni og þjálfun starfsmanna sé rétt o.s.fv.

Tilgangurinn með innleiðingu á gæðastjórnunarkerfi er margvíslegt hagræði sem af því hlýst:

- Skipuleg nálgun á því hvernig við náum fram markmiðum um gæði, hvort heldur gæðum vörunnar sem við framleiðum eða gæðum ferlanna sem við notum.
- Skilvirkari vinnubrögð.
- Aukin samræming í framleiðslunni.
- Betri samningsstaða gagnvart viðskiptavinum og birgjum.

Á hverju sviði fyrirtækisins eru starfandi svokallaðir gæðatenglar, starfsmenn sem hafa farið í gegnum vinnuferlana og samræmt uppsetningu þeirra. Eftirtaldir starfsmenn eru gæðatenglar:

**Skautsmiða og steypuskáli:** Júníus Guðjónsson og Páll Ólason.

**Kerskáli / kerstýring:** Birna Björnsdóttir verkfr.

**Umhverfis- og verkfræðisvið:** Ásgeir Sævarsson.

**Innkaupadeild:** Finnogi Rafn Guðmundsson og Ólöf Guðjónsdóttir.

**Viðhaldssvið:** Ásmundur Jónsson og Örvar Ármannsson.

**Mannauðssvið:** Brian D Marshall og Helga Björg Hafþórsdóttir.

**Fjármálasvið:** Bryndís Rósa Jónsdóttir, Ingibjörg Barðadóttir, Jón H Sveinsson og Emil Hilmarsson.

**Öryggisdeild:** Niels E Reynisson.

Auk gæðatenglanna hafa aðrir starfsmenn komið að mismunandi þáttum í innleiðingunni. Mikið og gott starf hefur verið unnið af öllum þeim sem hafa komið að málum. Nú er verið er að framkvæma svokallaðar innri úttektir, þar sem gæðatenglarnir gera úttekt á ferlum annarsstaðar í fyrirtækinu en á sínu eigin sviði. Í þessum úttektum er kannað hvernig ferlarnir virka og hvort unnið sé eftir þeim, með það að markmiði að gera þá ennþá betri. Þetta er mikilvægur hluti gæðastjórnunarkerfisins, því grunnhugsunin gengur út á sífelldar endurbætur, að gera betur í dag en í gær. Samið hefur verið við vottunarfyrirtækið BSI á



Íslandi (útibú frá British Standards Institute) um að framkvæma vottun gæðastjórnunarkerfisins og fer vottunartúttektin fram í tveimur stigum. Fyrri stigið fer fram í maí og hið seinna í október. Í maí verða ferlarnir rýndir og í október verður sannreynt að unnið sé eftir ferlunum alls staðar í fyrirtækinu. Ef allt gengur að óskum verður fyrirtækið ISO 9001 vottað fyrir árslok. Mikilvægt er að allir starfsmenn leggi sitt af mörkum til að það takmark náist. Von er á frekari kynningu á gæðastjórnunarkerfinu fljótlega.

*Bergþór Guðmundsson gæðastjóri*

## Í dagins önn



**Eysteinn Gústafsson og Guðmundur Guðmundsson við vinnu sína á vélaverkstæðinu.**





Til að öðlast nægilega hvíld, svo líkaminn ná að endurnýja sig og hlaða fyrir komandi átök, þarf svefn. Svefninn er nauðsynlegur fyrir almenna velferð og vellíðan hvers manns. Svefn er mjög reglulegt fyrirbæri og stjórnast að verulegu leyti af vöku hvers og eins og tíma sólarhringsins. Líkur aukast á svefni, hafi verið lengi vakað og að sama skapi aukast líkur á svefni á ákveðnum tímum sólarhringsins, þegar líkamshiti er lægstur og önnur starfsemi í lágmarki. Svefn skiptist í fimm stig en mikilvægast af þeim er REM svefn, svokallaður draumasvefn,

sem er í um 25% af svefntíma okkar. Svefninn er það mikilvægur, að ef hann styttest t.d. um eina nótt verður aukning á svefni næstu nótt eða jafnvel nætur. Ef svefnskortur er mikill getur viðkomandi sofíð og/eða sofnað óafvitandi. Líkamsklukkan okkar stýrir því hvenær við sofum og hvenær við vökum. Hún stýrist af birtubreytingum í umhverfinu sem hafa áhrif á hormón er heitir melantónin. Hæfni manna til að leysa af hendi verkefni, árveki þeirra, athygli og einbeiting er að talsverðu leyti háð tíma sólarhringsins. Þekkt er hversu erfitt er t.d. fyrir vaktavinnufólk að reyna að sofa og vaka á öðrum tímum en líkamsklukkan segir til um.



Það er vegna þess að líkamsklukkan seinkar sér verulega og því geta fylgt erfiðleikar við að sofna og vakna að morgni. Verulegu máli skiptir að fólk sem vinnur vaktavinnu fái þá hvíld sem það þarf til að ná að endurhlaða sig. Því hafa verið sett fram ákveðin heilræði til að tryggja að sem flestir fái bæriligan svefn, svo lengi sem þeir séu ekki haldnir sjúkdómum eða kvillum sem viðhalda slæmum svefni.

### Þessi heilræði eru:

- Sofðu eins mikið og nauðsynlegt er til að þér líði vel næsta dag. Stuttur tími í rúminu er tengdur góðum svefni, en of langur tími virðist leiða til lélegs og truflaðs svefns.
- Reglulegur fótaferðatími styrkir líkamsklukkuna og leiðir að lokum til reglulegs svefntíma.
- Dagleg líkamleg áreynsla til lengri tíma leiðir til dýpri og/eða betri svefns.
- Hávaði truflar svefn. Jafnvel hjá þeim sem ekki vakna og muna ekki eftir honum daginn eftir.
- Hungur truflar svefn. Létt máltíð fyrir svefninn (2 tímar) hjálpar mörgum við að sofna.
- Svefnlyf í hófi geta hjálpað en langvarandi notkun þeirra er árangurslaus og jafnvel skaðleg.
- Kaffi á kvöldin truflar svefn, jafnvel hjá þeim sem halda öðru fram.
- Alkóhól getur hjálpað spenntum manni að sofna en svefninn sem fylgir í kjölfarið er sundurslitinn og lélegur.
- Í stað þess að reyna aftur og aftur að sofna eða liggja lengi í rúminu, þá hjálpar að fara fram úr og gera eitthvað allt annað en reyna að sofna. Reyna síðan aftur að sofna þegar þér finnst það muni ganga betur.

*(Byggt á grein Júlíusar K. Björnssonar sálfræðings, er heitir „Hvað er svefn,,“)*

## Hvernig gengur vaktavinnufólki að stýra svefninum?



**Einar Benediktsson:**  
Mér gengur erfiðlega að sofa eftir næturvaktirnar. Þá nota ég oft eyrnatappa til að fá betra næði, en yfirleitt næg ekki nema tveggja til þriggja tíma svefni eftir næturvaktirnar.



**Eva Ósk Gísladóttir:**  
Það er mikill munur eftir því hvort maður er á dagvöktum eða næturvöktum. Eftir næturvaktirnar er erfiðara að ná hvíld, en mér finnst þetta samt vera í lagi. Alla vega lætur maður sig hafa það þangað til kemur að vaktafri. Þá getur hins vegar verið erfitt að vinda ofan af til að komast á rétt ról aftur með svefntímamann. Það er þessi glíma við líkamsklukkuna sem getur verið erfið.



**Atli Viðar Halldórsson C-vakt í kerskála:**  
Yfirleitt er svefninn ekki neitt vandamál hjá mér. Ég get eiginlega sofíð þegar ég vil. Ég bý svo vel að hafa aukaherbergi úti í bílskúr sem ég get sofíð í þegar börnin eru heima og meira er um að vera á heimilinu eins og til dæmis um helgar.



**Ómar Björn Ragnarsson C-vakt í kerskála:**  
Meðan ég er á vöktunum er svefninn ekki vandamál hjá mér og ég á t.d. mjög gott með að sofna eftir næturvaktir. Vandamálið hjá mér með svefninn er þegar ég fer í frí eftir næturvaktirnar. Þá má ég passa mig með að sofa ekki lengur en í mesta lagi til eitt eða fram á annan tímann, annars séf ég ekkert næstu nótt og tveir fyrstu dagarnir í fríinu mínu verða þá ónýtir.



**Edda Hermannsdóttir C-vakt í kerskála:**  
Ég sé yfirleitt vel og það er fátt sem raskar minni ró. Ég á stundum erfitt með að leggja mig fyrir fyrstu næturvaktina, er þá ekki alveg í stuði til að fara að sofa.



**Birgitta Prastardóttir C-vakt í kerskála:**  
Það gengur mjög vel hjá mér að sofa, en stundum má ég ekki vera að því. Ég get alltaf sofíð þó við séum með tvö börn. Maðurinn minn Kristinn Halldórsson vinnur líka hérna hjá Norðuráli en við erum á sitthvori vaktinni. Ég sé oft minna eftir að hafa verið á næturvakt, því þá þarf ég að rífa mig upp til að mæta í ræktina klukkan tvö.

## Spurning dagsins

Hver gerir besta páskaeggjö?

# Í þau gömlu góðu daga

Engi hafa tíðkast morgunfundir til að undirbúa daginn þegar mannskapurinn mætir. Þessi mynd sem hér fylgir með var tekin árið 2002 þegar verið var að fara yfir verkefni einn kaldan desembermorgun. Í þá daga voru engar vaktir í skautsmiðjunni fyrir utan að tveir starfsmenn sinntu þekjefnavinnslunni á nóttunni. Í þá daga var verksmiðjan með 90 þúsund tonna ársframleiðslu og því var vinnudagur starfsmanna í skautsmiðjunni frá kl. 7:30 – 17:00 fimm daga vikunnar. Það nægði til að anna skautaframleiðslu fyrir kerskálana. Þrír af þeim fjórum sem eru á myndinni eru enn starfsmenn okkar í dag en það eru frá vinstri talið Guðjón Guðmundsson, Magnús Valur Valsson vélvirki og Ragnar Bárðarson rafvirki. Sá í rauða gallanum er Sigurgeir Aðalsteinsson sem var lengi liðsstjóri í skautsmiðjunni.



Trausti Gylfason



Þorgerður Pálsdóttir verkfræðideild: Það er Hafliði Ragnar í Mosfellsbaki.



Ragnar Jón Ólafsson C-vakt steypuskála: Nói Sírius, það er klassískt.



Kraki Ásmundarson AMC: Lakkrisegginn frá Freyju.



Erla Guðmundsdóttir deigluverkstæði: Nói Sírius.



Almar Týr Haraldsson C-vakt steypuskála: Það er Nói Sírius, helst númer sjö.

## Hver er?

**Nafn:** Sigurður G Gunnarsson.  
**Starf:** Liðsstjóri í kersmiðju.  
**Fæðingarstaður, og -dagur:** Grindavík, 26. september 1951.  
**Fjölskylduhagir:** Giftur Kristjönu Þórarinsdóttur landpósti.  
**Hvenær byrjaðir þú hjá Norðuráli?** 1998.  
**Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna?** Bústaðurinn.  
**Aðaláhugamálið?** Vinna við bústaðinn.  
**Upphaldsmatur?** Lambakjöt.  
**Upphalds drykkur?** Mjólk.  
**Ertu hjátrúafull/ur?** Nei.  
**Hvaða persónu í mannkynssögunni vildir þú helst hitta?** Gunnar á Hlíðarenda.  
**Upphalds sjónvarpsefni?** B Myndir úr fortíðinni.  
**Besta bókin sem þú hefur lesið?** DV.  
**Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á?** Steina spil.



**Upphalds íprótt eða hreyfing?** Sófínn.  
**Lýstu þér í þremur orðum?** Er bestur.  
**Fallegasti staður á Íslandi?** Svínadalur.  
**Til hvaða lands langar þig mest að ferðast?** Rússlands.  
**Framtíðarplön?** Hætta að vinna '65 og leika mér.

## Sudoku

Auðveld

Miðlung

Erfið

			4	2	1				5	7						5				
	2	5		1			3		1	8	5	4		1	9	6		2	3	
9		1		2		6	7			7	3		9				7	6	8	
	6		4	8	5		1	2			9	8	3	1			3		9	5
	1	3			6	8		8				7				2				
5		7	1	9		4		6	3	8			4	9	2		1			8
8	9		5		7		6		9		4	6			1	8	3			
			6		4	9		6	7	3		5		9	6	7		9	2	3
	3	6		9					1	8					9					

# Þjálfun sumarstarfsmanna

Núna í mars og apríl erum við að undirbúa að taka á móti sumarafleysingafólki. Ánægjulegt er að segja frá því að fleiri en 100 sumarstarfsmenn frá því í fyrra eru að koma til baka sem þýðir að við erum að fá úrvalshóp starfsmanna sem er kominn með þekkingu, hæfni og skilning sem mun nýtast þeim vel í starfi í sumar. Þessi hópur mætir á endurkomunámskeið þar sem farið er yfir grunnöryggismál ásamt ítarlegri kynningu um Öruggt atferli og umræðu um hvernig áhættugreiningar fara fram. Á sama tíma erum við að fá til okkar rúmlega 40 nýja starfsmenn í framleiðsluna og á viðhaldssviðið og þeir fara í gegnum stærri fræðslupakkann. Markmið kynningar fyrir nýja starfsmenn er að bjóða þá hjartanlega velkomna til starfa og upplýsa þá um leið á áhrifaríkan og gagnlegan hátt um grunnupplýsingar varðandi fyrirtækið, öryggi, markmið, gildi, uppbyggingu og vinnuferlin. Ásamt því að hvetja þá til þess að lifa eftir þeim gildum sem sett hafa verið og gera þeim kleift að aðlagast og samsama sig



því að starfa hjá Norðuráli. Nýir starfsmenn mæta á dagsnámskeið þar sem fyrirtækið er kynnt og grunnöryggismál en síðan fara þeir á lyftaranámskeið á vegum Vinnueftirlitsins,

verklega þjálfun á lyfturum á Grundartanga og skyndihjálpanámskeið á vegum Rauðu krossins.

*Brian D. Marshall*

## Allir með brennandi áhuga fyrir náminu

Þetta er gefandi og skemmtilegt starf. Nemendurnir eru allir með brennandi áhuga fyrir náminu. Það er mikil vinna í gangi og lítið um frímínútur, varla lítið upp allan tímann og hver kennslustund rennur hjá eins og örskot," segir Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir stærðfræðikennari í Stóriðjuskólanum, en stærðfræði er kennd tveimur hópum í hálfan annan tíma í senn. Annar hópurinn er á miðvikudögum og hinn á föstudögum. Hafdís hefur mikla reynslu í fullorðinsfræðslu, kenndi m.a. í ellefu ár hjá Námsflokkum Reykjavíkur og hefur sérhæft sig í stærðfræðikennslu, svo sem við einstaklingsmiðað nám eins og boðið er upp á í Stóriðjuskólanum. Hafdís Fjóra er deildarstjóri starfsbrautar í Fjölbautaskóla Vesturland auk þess að sinna þar stærðfræðikennslu. Fram kom í viðtali blaðamanns Norðurljósa við



*Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir stærðfræðikennari.*



*Úr einni af fyrstu kennslustundunum í Stóriðjuskólanum. Frá vinstri: Finnbofi Jörgensen, Hólmur Hreggviðsson, Ragnar Jón Ólafsson, Bjarni Ólafsson, Hörður Baldvinsson kennari og Garðar Garðarsson.*

Hafdís Fjóra að í gangi væru fimm námsefni í stærðfræði, sem nemendum Stóriðjuskólans væru boðið upp á en þeir eru um þrjátíu. „Þau eru misjöfn markmiðin hjá nemendum, sumir eru að stefna á framhalds- eða háskólanám og tveir í hópnum eru í fjarnámi með skólanum. Svo eru aðrir sem vilja efla kunnáttuna til að geta miðlað til barnanna sinna. Til að byrja með fór svolítil tími í að staðsetja hvern og einn í náminu en við erum komin ágætlega af stað og þetta er skemmtilegt. Mér finnst þetta samstarf um skólann mjög merkilegt þar sem Norðurál, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi og Fjölbautaskóli Vesturlands taka höndum saman. Stóriðjuskólinn er mjög góð viðbót hér á svæðinu,“ segir Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir.



## Þjónusta fjármálasviðs fyrir Helguvíkurverkefnið

A lveg frá upphafi hefur fjármálasvið Norðuráls séð um ýmiskonar þjónustu fyrir Helguvíkurverkefnið. Þessi þjónusta felst fyrst og fremst í þjónustu bókhaldsdeildar við að sjá um samþykkt, bókun og greiðslu reikninga.

Þrátt fyrir að flestir starfsmenn fjármálasviðs Norðuráls séu staðsettir í skrifstofubýggingunni á Grundartanga, og löng leið sé til Helguvíkur, hefur öll bókhaldsvinna fyrir Helguvík gengið vel fyrir sig. Þetta er að mestu að þakka því frábæru fólki sem þar vinnur ásamt rafrænu samþykktarferli sem nýtist vel þegar langt er á milli starfsstöðva.

Síðustu tvö ár hefur ekki mikil vinna verið í kringum bókhaldið þar sem verkefnið hefur verið í lægð á þeim tíma. Nú í dag eru ekki nema um 80-100 reikningar afgreiddir í gegnum Helguvík í hverjum mánuði. Gera má samt ráð fyrir að þegar verkefnið fer að fullum þunga af stað aftur aukist vinna bókhaldsdeildar og fjöldi reikninga afgreiddir hvern mánuð margfaldist. Gert er ráð fyrir því þegar álvæði í Helguvík er komið í rekstur að bókhaldsvinna muni áfram fara fram á Grundartanga.

Þar að auki hefur fjármálasviðið einnig tekið



Jónas Heiðar Birgisson, til vinstri, ásamt Steven Schneider aðalendurskoðanda Century aluminium.

að sér verkefni við skýrslugerð, uppgjör, ferlavinnu og aðra almenna þjónustu við Helguvík. Þá sér fjármálasviðið um að halda utan um allar kostnaðarskýrslur og fylgjast með þróun kostnaðar á móti fjármögnunarheimild verkefnisins. Tölvudeild Norðuráls, sem einnig tilheyrir fjármálasviði, hefur sinnt öllum tölvumálum fyrir starfsmenn Norðuráls þar. Þá hafa ýmis önnur svið Norðuráls á Grundartanga

komið til aðstoðar fjármálasviði við þess vinnu. Þar ber m.a. að nefna að innkaupadeild Norðuráls á Grundartanga hafi sýnt mikinn stuðning.

Það má segja með vissu að Helguvíkurverkefnið njóti góðs af því hæfa fólki og reynslu þeirra sem vinna á Grundartanga.

Jónas Heiðar Birgisson, fjármálasviði Norðuráls

### Helstu framkvæmdir í síðasta mánuði:

- Vinna við uppsteypu aðveitustöðvarinnar er í gangi.
- Verið að ljúka við uppsetningu og uppherslu stálgrindar kerskálana.
- Verið að vinna við uppsteypu undirstaða straumleiðara í afriðlakjallara.
- Byrjað er að steypa upp neyðarskýli og kaffistofur í garðinum milli kerskála
- Byrjað er á rampinum frá suðurganginum ofan í garðinn milli skála.
- Vinna er í gangi við lagningu aðalfráveitu álværsins.
- Búið er að ljúka smíði leiðarastokka fyrir 220 kV leiðara.

### Öryggishornið

#### Slys-Eignaspjöll-Næstum því slys

